

Föstudaginn 1. nóvember 1991.

Nr. 5/1991.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurbirni Gunnari Utley

(Sigurður Georgsson hrl.)

og

Úlfari Ólafssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1990 að ósk ákærðu. Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu ákærðu og greiðslu bóta og sakarkostnaðar, en refsing þeirra þyngd. Þá er þess krafist, að hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Dómkröfur ákærðu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir, en til vara, að þeir hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa. Þá er af þeirra hálfu krafist málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari hefur eigi krafist endurskoðunar á niðurstöðu héraðsdóms um sýknu hinna ákærðu af ákæru um brot gegn 110. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og kemur sá þáttur ákærunnar því ekki til skoðunar í Hæstarétti.

Þótt orðalag ákærunnar um þátt ákærðu í nytjastuldi bifreiðarinnar X-3295 sé ekki alls kostar nákvæmt, fellur atferli þeirra að verknaðarlýsingu 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga. Ber því með hliðsjón af gögnum málsins að staðfesta sakarmat héraðsdómara.

Ný sakavottorð ákærðu hafa verið lögð fram í Hæstarétti. Af þeim er ljóst, að þeir eiga sér báðir nokkuð langan sakaferil, einkum ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley. Með vísun til þessara gagna verður refsing ákærða Úlfars Ólafssonar tiltekin með hliðsjón af 5. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða Sigurbjörns

Gunnars Utley verður ákvörðuð með hliðsjón af 5. tl. 70. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga auk 78. gr. sömu laga, sem vísað er til í héraðsdómi. Þá verður refsing beggja tiltekin með hliðsjón af niðurlagsákvæði 70. gr. almennra hegningarlaga, þar sem sannað þykir, að þeir hafi unnið hinn refsiverða verknað í sameiningu og með öðrum. Að svo búnu og með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur að öðru leyti en því, að refsing ákærða Sigurbjörns Gunnars Utley ákveðst tveggja mánaða fangelsi.

Ákærðu skulu greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og í dómSORði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley sæti fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Ákærði Úlfar Ólafsson greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, að fjárhæð 25.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. nóvember 1990.

Ár 1990, föstudaginn 30. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 643-651/1990: Ákærvaldið gegn A, B, C, D, E, F, Sigurbirni Gunnari Utley, G og Úlfari Ólafssyni, sem tekið var til dóms 14. nóvember sl.

Mál þetta er höfðað með fimm ákærum, gefnum út af ríkissaksóknara. Hafa ákærunar allar verið sameinaðar í eitt mál. Ákærðir eru A [...], B [...], C [...], D [...], E [...], F [...], Sigurbjörn Gunnar Utley, refsifangi á Litla-Hrauni, fæddur 26. júlí 1964 í Kópavogi, G [...] og Úlfar Ólafsson, refsifangi á Litla-Hrauni, fæddur 9. febrúar 1958 á Akureyri.

Þriðja ákæran er gefin út 18. júní sl. á hendur ákærðu C, D, F, Sigurbirni Gunnari, G og Úlfari „fyrir eftirtalin brot, framin á árinu 1990:

I.

Ákærðu C, F, Sigurbirni Gunnari, G og Úlfari er öllum gefið að sök að hafa þriðjudaginn 3. apríl, er ákærðu voru fangar í refsivist á vinnuhælinu að Litla-Hrauni, sammælt um að hjálpast að við að strjúka af vinnuhælinu, hist í klefa ákærða F um kl. 21.30 um kvöldið, lokað honum með hespu innan frá og farið út um gluggann, en áður hafði verið losað um rúðuna og rimla fyrir glugganum, og farið síðan í átt að Stokkseyri.

Enn fremur er þeim gefið að sök að hafa seinna um nóttina tekið bifreiðina X-3295 traustataki við húsið Eyjasel 8 á Stokkseyri, og ók ákærði Sigurjón henni án ökuréttinda með hina ákærðu sem farþega til Reykjavíkur, þar sem lögregla varð vör við bifreiðina um kl. 5.00 á Suðurlandsvegi skammt frá Rauðavatni og veitti ákærðu eftirför áleiðis að hesthúsunum í Víðidal, þar sem ákærðu yfirgáfu bifreiðina, en náðust allir strax nema ákærði G, sem gaf sig fram skömmu síðar.

Telst þetta varða við 110. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá telst nytjastuldur bifreiðarinnar varða við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20, 1956, svo og akstur ákærða G við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Málavextir verða nú raktir eftir ákærunum, eins og þær eru taldar upp hér að framan, og fylgt kaflaskiptingu innan hvernar ákæru, þar sem það á við. Verður í lok umfjöllunar um hverja ákæru fyrir sig komist að niðurstöðu um sekt eða sýknu og færslu til refsíákvæða, þar sem það á við. Einnig verður komist að niðurstöðu um bótakröfur.

C. Ákæra, útgefin 18. júní 1990.

I.

Samkvæmt þessu verða ákærðu allir sýknaðir af ákærunni, hvað varðar brot gegn 110. gr. almennra hegningarlaga.

Sannað er með játningu Sigurjóns, að hann tók bifreiðina X-3295 í heimildarleysi á Stokkseyri og ók henni ökuréttindalaus til Reykjavíkur. Meðákærðu voru allir farþegar í henni. C og Sigurbjörn Gunnar hafa fyrir dómi viðurkennt, að þeim var ljóst, að bifreiðin hafði verið tekin að

ófrjálsu. Sigurjón bar við fyrstu dómsyfirheyrslu, að F hefði verið með sér við nytjastuldinn. Þessu neitaði F, kvaðst hafa farið með Sigurjóni til Stokkseyrar, en ekki verið með honum við tókuna. Við samprófun þeirra voru þeir sammála um, að Sigurjón hefði farið á undan F og tekið bifreiðina, komið síðan akandi til baka og tekið hann upp í. Hann hefði síðan tekið hina upp í við hesthúsið. Hann hefði ekki rætt nytjastuldinn sérstaklega við þá. Úlfar kvaðst enga hugmynd hafa haft um mytjastuldinn. Hann hefði verið ölvaður og muna eftir því, að Sigurjón hefði komið á bifreið, sem ákærðu settust upp í. Hann hefði spurt, hvaðan hún væri, og fengið þau svör, að Sigurjón hefði fengið hana að láni.

Svo sem rakið hefur verið, hefur Sigurjón viðurkennt nytjastuldinn. C og Sigurbjörn Gunnar hafa viðurkennt, að þeim hafi verið kunnugt um, hvernig hann var að bifreiðinni kominn. F, sem fór með Sigurjóni til Stokkseyrar, mátti vera fullljóst, hvernig hann var að bifreiðinni kominn, enda stýðst það við framburð Sigurjóns fyrir dómi. Skiptir hér engu, þótt F kunni að hafa verið einhverjum húslengdum fyrir aftan Sigurjón, þegar hann tók bifreiðina, eins og þeir báru við samprófun. Úlfar var ásamt meðákærðu nýstrokinn úr fangelsi. Honum mátti vera það fullljóst, að enginn þeirra réð yfir bifreið, og ekki er trúlegt, að einhver hafi orðið til þess að lána þeim hana. Hann var farþegi í bifreiðinni til Reykjavíkur ásamt hinum.

Samkvæmt framanrituðu verða ákærðu allir sakfelldir fyrir nytjastuld, er varðar við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, og Sigurjón auk þess fyrir réttindaleyfi við akstur, er varðar við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt gögnum málsins er eigandi bifreiðarinnar X-3295 dánarbú Halldórs Árnasonar. Guðríður Erna Halldórsdóttir hefur fyrir hönd búsins krafist bóta vegna nytjastuldarins, að fjárhæð 11.823 kr. Sundurliðast krafan þannig, að 8.512 kr. er viðgerðarkostnaður samkvæmt framlögðum reikningi og 3.311 kr. er kostnaður við að sækja bifreiðina til Reykjavíkur, þ.e. akstur 140 kílómetrar á 23.65 kr. hver kílómetri. Sigurjón og C hafa samþykkt kröfuna, en hinir hafa hafnað henni. Við munnlegan flutning málsins krafðist verjandi C frávisunar á kröfunni, þar sem ekki kæmi fram, að Guðríður Erna hefði heimild til að gera kröfur fyrir hönd dánarbúsins.

Gögn málsins bera með sér, að Guðríður Erna var umráðamaður bifreiðarinnar. Hún hefur orðið fyrir tjóni vegna nytjastuldarins og lagt fram gögn kröfu sinni til stuðnings. Eru því ekki efni til að vísa kröfunni frá. Ákærðu hafa allir verið sakfelldir fyrir nytjastuld bifreiðarinnar og verða því dæmdir óskipt til að greiða bótakröfuna, eins og krafist er, enda er hún nægilega rökstudd.

Ákærði Sigurbjörn Gunnar hefur frá árinu 1983 verið dæmdur í rúmlega fjögurra ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, síðast 15. maí sl., í eins mánaðar fangelsi fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi. Áður hafði hann hlotið skilorðsbundna dóma fyrir sams konar brot, og einnig hefur hann sæst á sektargreiðslur fyrir áfengis-, fikni- og hegningarlagabrot. Refsing hans nú verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfileg 45 daga fangelsi.

— — —

Ákærði Úlfar var dæmdur í tólf ára fangelsi fyrir manndráp árið 1978. Síðan þá hefur hann verið dæmdur í samtals þriggja og hálfis árs fangelsisvist fyrir hegningarlagabrot, síðast 31. maí 1989. Refsing hans nú er hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

— — —

Ákærði Úlfar greiði einn málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., 35.000 kr., að hálfu, en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Ákærðu B, E og G greiði einir óskipt 8.415 kr. í sakarkostnað. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

D ó m s o r ð:

— — —

Ákærði Sigurbjörn Gunnar Utley sæti fangelsi í 45 daga.

— — —

Ákærði Úlfar Ólafsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

— — —

Ákærðu C, F, Sigurbjörn Gunnar, G og Úlfar greiði óskipt Guðríði Ernu Halldórsdóttur kr. 11.823.

— — —

Ákærði Úlfar greiði einn málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 35.000, að hálfu, en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

— — —

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.